ÍSLENSK útgáfa

# EES-viðbætir

## við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

**Nr. 62**

**14. árgangur**

**27.12.2007**

**I** **EES-STOFNANIR**

**1.** **EES-ráðið**

**2.** **Sameiginlega EES-nefndin**

**3.** **Sameiginlega EES-þingmannanefndin**

**4.** **Ráðgjafarnefnd EES**

**II** **EFTA-STOFNANIR**

**1.** **Fastanefnd EFTA-ríkjanna**

**2.** **Eftirlitsstofnun EFTA**

**3.** **EFTA-dómstóllinn**

**III** **EB-STOFNANIR**

**1.** **Ráðið**

**2.** **Framkvæmdastjórnin**

**2007/EES/62/01** Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4959 – Goldman Sachs/MatlinPatterson/Bankenservice Kassel) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . . 1

**2007/EES/62/02** Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4975 – Mitsui/Rubis/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð. . . . 2

**2007/EES/62/03** Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4986 – EQT V/Securitas Direct) . . . . . 3

**3.** **Dómstóllinn**

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja** **2007/EES/62/01**

**(Mál COMP/M.4959 – Goldman Sachs/MatlinPatterson/Bankenservice Kassel)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. desember 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandarísku fyrirtækin Goldman Sachs Group Inc. („GS“) og MatlinPatterson LLC („MP“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í þýska fyrirtækinu Bankenservice Kassel GmbH („Bankenservice“).

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – GS: fjárfestingabankastarfsemi, verðbréfaviðskipti og eignastýring

   – MP: fjárfestingasjóður sem fjárfestir í illa stöddum fyrirtækjum um allan heim

   – Bankenservice: umsýsla rafrænna millifærslna í Þýskalandi

3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]).

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 314, 22. desember 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4959 – Goldman Sachs/MatlinPatterson/ Bankenservice Kassel, á eftirfarandi póstfang:

   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   J-70
   B-1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja** **2007/EES/62/02**

**(Mál COMP/M.4975 – Mitsui/Rubis/JV)**

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. desember 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem japanska fyrirtækið Mitsui & Co, Ltd. („Mitsui“) og franska samsteypan Rubis öðlast með kaupum á hlutafé í nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í belgíska fyrirtækinu Rubis Terminal Antwerp.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – Mitsui: viðskipti með ýmsar hrávörur alþjóðaverslunar, m.a. orkutengdar vörur, járn og stál og málma sem innihalda ekki járn

   – Rubis: geymsla fljótandi iðnaðarvöru og dreifing á fljótandi jarðolíugasi og olíuvörum í Evrópu, Afríku og ríkjum í Karíbahafi

   – Rubis Terminal Antwerp: farmstöðvaþjónusta fyrir fljótandi iðnaðarvöru í Antwerpenhöfn

3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([2]).

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 311, 21. desember 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4975 – Mitsui/Rubis/JV, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja** **2007/EES/62/03**

**(Mál COMP/M.4986 – EQT V/Securitas Direct)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. desember 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ([1]) um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið EQT V Ltd. („EQT“) á Ermarsundseyjum, sem tilheyrir EQT-samsteypunni, öðlast með yfirtökuboði, sem var tilkynnt 13. nóvember 2007, að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í sænska fyrirtækinu Securitas Direct AB („Securitas Direct“).

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   – EQT: fjárfestingar í óskráðum félögum í Norður-Evrópu

   – Securitas Direct: öryggisþjónusta, m.a. uppsetning viðvörunarkerfa með fjarvöktun og fjarviðbragði í Svíþjóð, Finnlandi, Noregi, Danmörku, Belgíu, Frakklandi, Hollandi, á Spáni og í Portúgal

3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

   Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 314, 22. desember 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4986 – EQT V/Securitas Direct, á eftirfarandi póstfang:

   European Commission
   Directorate-General for Competition
   Merger Registry
   J-70
   B-1049 Bruxelles/Brussel

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.